

REGLUR

um eftirgjöf söluskatts af fjárfestingarvörum til nota við fiskeldi og hafbeit.

I. KAFLI

Vélar, tæki og sérhæfður búnaður.

Innflutningur.

1. gr.

Við tollafgreiðslu á vélum, tækjum og sérhæfðum búnaði sem flutt er inn vegna stofnframkvæmda við byggingu fiskeldis- og hafbeitarstöðva sem hafa að atvinnustarfsemi klak, seiðaframleiðslu og/eða matfiskeldi í fiskeldisstöðvum eða hafbeit, hér á eftir nefndar fiskeldisstöðvar og teljast til varanlegs hluta þeirra skal heimilt að fella niður söluskatt.

Heimild þessi er bundin því skilyrði að vélar þessar eða tæki falli undir tollskrárnumér sem talin eru upp í 1. gr. auglýsingar nr. 69/1988 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda eða söluskatts af fjárfestingarvörum til samkeppnisiðnaðar eða um sé að ræða sérhæfðan búnað til fiskeldis eða hafbeitar sbr. lið 1–7 hér að neðan.

Með sérhæfðum búnaði til fiskeldisstöðva er átt við:

1. Dælukerfi og hluti til þeirra, svo sem pípulagnir, tengihluti, loka og rafbúnað (rafmagnskapla, spenna, rofa, stýribúnað og -töflur), afloftunar- og hitabúnað og vatnshreinsibúnað.
2. Fóðurkerfi o. þ. h., svo sem fóðurgeyma (síló), fóðurgerðarvélar, kælikerfi, pípu-dreifikerfi, snigla, færíbönd, fóðurskammtara og vogir.
3. Fiskvinnsluvélar til flokkunar, aðgerðar, vigtunar, pökkunar, reykingar og kælikerfi til geymslu og meðferðar.
4. Stjórn- og gæslukerfi og öryggisbúnað.
5. Sérhæfðan súrefnisbúnað svo og flutningatanka með slíkum búnaði.
6. Neyðarrastöðvar með tilheyrandi búnaði.
7. Klakbakka og flokkunargrindur, eldisker og hluti til þeirra, sjókvíar, þ. e. nætur, flotbúnað, gagnbryggjur, akkerisbúnað, og sérhannaða báta (pramma) til að þjónusta sjókvíar.

Reglur þessar taka ekki til annarra handverkfæra en þeirra sem falla undir auglýsingu nr. 69/1988.

2. gr.

Af innfluttum byggingarvörum til mannvirkjagerðar sem ekki falla undir 1. gr., t.d. timbri, stáli (plötur og prófilar), sementi, steypustyrktarjárn, plötuefni og ö. þ. h. byggingarvörum til byggingar fiskeldisstöðva, hvort sem þær eru fluttar inn af þeim sjálfum eða fyrir þeirra hönd skal greiða söluskatt með venjulegum hætti við tollafgreiðslu en fjármálaráðuneytið mun síðan endurgreiða fiskeldisstöðvum söluskattinn af þessum vörum skv. 5. og 6. gr.

3. gr.

Af hvers konar vinnuvélum og -tækjum, svo og varahlutum til þeirra sem notað verður við hinar verklegu framkvæmdir skal greiða söluskatt eins og hann er á hverjum tíma og gildir sama um hvers konar ökutæki sem fiskeldisstöðvar kaupa til framkvæmda og reksturs á þeirra vegum. Ennfremur skal greiða söluskatt af hvers konar rekstrar- og viðhaldsvörum, öðrum en varahlutum sem falla undir tollskrárnumér upptalin í auglýsingu nr. 69/1988 og notaðir eru til viðhalds sérhæfðum vélum og tækjum sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Niðurfelling söluskatts samkvæmt 1. gr. tekur einungis til véla, tækja, vélahluta og varahluta og sérhæfðs búnaðar sem notað verður til fiskeldis og hafbeitar. Tollmeðferð þessi er jafnframt bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni viðkomandi fiskeldisstöðvar eða innflutningsfyrirtæki lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindri fiskeldisstöð. Hvort sem fiskeldisstöð annast innflutning sjálf eða innflutningsfyrirtæki fyrir hennar hönd skal fyrirvarmaður hennar lýsa yfir skriflega eftirfarandi: „Vara þessi er keypt til stofnframkvæmda við fiskeldi en ekki til viðhalds eða reksturs“.

Við frágang aðflutningsskýrslu skal niðurfelldur söluskattur eigi reiknaður en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum tollalaga nr. 55/1987 svo og reglum og öðrum fyrirmælum settum þar að lútandi.

Telji tollstjóri ástæðu til, hvort sem er vegna beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu söluskatts getur hann krafði viðkomandi fiskeldisstöð um upplýsingar skv. 6. gr. svo og að framvísað sé leyfi til starfrækslu stöðvarinnar, sbr. 1. mgr. 7. gr.

Kaup innanlands.

5. gr.

Við kaup innanlands á vélum, tækjum og sérhæfðum búnaði sbr. 1. gr., sem annað hvort eru keyptar af birgðum innfluttra tollafgreiddra vara eða hafa verið framleiddar innanlands vegna stofnframkvæmda við byggingu fiskeldisstöðva, skulu gjöld greidd með venjulegum hætti en tollstjórar hver í sínu umdæmi munu sjá um endurgreiðslur gjalda af þeim. Með framkvæmd þessara endurgreiðslna skal að öðru leyti fara skv. ákvæðum 4.–7. gr. auglýsingar nr. 69/1988.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. um að greiða beri söluskatt við kaup innanlands með venjulegum hætti er seljanda vöru þeirrar, sem um ræðir í 1. gr. auglýsingar þessarar, heimilt að selja hana án söluskatts sýni kaupandi hennar fram á svo óbyggjandi sé að hann hafi áður fengið söluskatt af vörum þeim sem hér um ræðir niðurfelldan eða endurgreiddan á grundvelli þessara reglna eða fengið eftirgjöf gjalda skv. eldri reglum nr. 171/1986. Næg sönnun í þessu sambandi telst framvísun ljósrits af tollskýrslu sbr. 1. gr. eða endurgreiðslu-beiðni sem um ræðir í 5. gr. sem ber með sér viðurkenningu tollýfirvalds á því að viðkomandi uppfylli skilyrði eftirgjafar skv. reglum þessum.

Við niðurfellingu eða endurgreiðslu söluskatts samkvæmt grein þessari skal kaupandi undirrita yfirlýsingu sbr. 1. mgr. 4. gr.

Seljandi skal halda viðskiptum þessum sérstaklega aðgreindum í bókhaldi sínu þannig að skattýfirvöld geti ávallt gengið úr skugga um réttmæti sölu án söluskatts á grundvelli ofangreindrar heimildar.

Framangreind ákvæði eiga einungis við um vélar, tæki og sérhæfðan búnað sem falla undir 1. gr. reglna þessara. Af efnivöru til mannvirkjagerðar ber að greiða söluskatt með venjulegum hætti og sækja síðan um endurgreiðslu skv. 6. gr.

II. KAFLI

Endurgreiðsla söluskatts af mannvirkjum og jarðvegsvinnu.

6. gr.

Fjármálaráðuneytið mun endurgreiða söluskatt af jarðvegsvinnu og fjárfestingarvörum sem notaðar hafa verið til byggingar mannvirkja eins og landkvía, klak- og eldishúsa og annarra mannvirkja sem notuð eru við fiskeldi eða hafbeit, enda hafi söluskattur verði greiddur af vörum þessum með venjulegum hætti.

Aðilar sem óska eftir endurgreiðslu skulu senda fjármálaráðuneytinu skriflegt erindi þar sem gerð sé grein fyrir stofnun og starfsemi fiskeldisstöðarinnar svo og hverjir séu forsvarsmenn hennar og hafi heimild til þess að skuldbinda fyrirtækið fjárhagslega.

Af jarðvegsvinnu og byggingarefni sem keypt eða notað hefur verið vegna mannvirkja-gerðar mun fjármálaráðuneytið endurgreiða söluskatt að fullu gegn framvísun frumrits sölunóta eða, hafi söluskattur verið greiddur við tollafgreiðslu, afrits aðflutningsskýrslu ásamt greiðslukvittun enda beri gögn þessi greinilega með sér fjárhæð þess söluskatts sem greiddur hefur verið.

Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein fer fram einu sinni á ári vegna framkvæmda næst liðins árs þegar fyrir liggja ársreikningar viðkomandi fyrirtækis samþykktir af löggiltum endurskoðanda.

Það er skilyrði endurgreiðslu skv. framansögðu að viðkomandi mannvirki hafi verið tekin út af aðila sem ráðuneytið tilnefni á kostnað viðkomandi fiskeldisstöðvar.

Breytingar á húsum og stækkun sem talist geta til stofnframkvæmda eru endurgreiðslu-hæfar. Sömu reglur gilda um þær og fram koma í 1.-5. mgr. þessarar greinar.

Ekki verður endurgreiddur söluskattur af sjálfstæðum skrifstofubyggingum, vélaverk-stæðisbyggingum, starfsmannabústöðum, mótuneytishúsnæði, eða þess háttar eða búnaði tilheyrandi þessum mannvirkjum. Séu slíkar byggingar sambyggðar eldismannvirkjum lækkar endurgreiðslan hlutfallslega miðað við byggingarkostnað þeirra.

III. KAFLI

Almenn ákvæði og viðurlög.

7. gr.

Eftirgjöf söluskatts samkvæmt reglum þessum verður eigi veitt nema viðkomandi hafi fengið leyfi til starfrækslu fiskeldisstöðvar, sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 76/1970 og reglugerð settra samkvæmt þeim.

Fiskeldisstöðvum sem fengið hafa efni í mannvirki undanþegin söluskatti samkvæmt þessum reglum er óheimilt innan 10 ára talið frá næstu áramótum eftir að starfsemi er hafin að nota þau til annars en fiskeldis nema leyfi fjármálaráðuneytisins komi til. Óski þeir eftir að taka þau til annarra nota eða afhenda eða selja innan þess tíma til nota við rekstur eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt þessum reglum skulu þær áður en önnur starfsemi er hafin eða afhending eða sala fer fram greiða söluskatt af vörum sem notið hafa eftirgjafar samkvæmt þessum reglum, miðað við 10% árlega fyrningu að teknu tilliti til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar. Fjármálaráðuneytið ákveður fjárhæð þeirra gjalda sem þannig skulu innheimt að fengnum tillögum ríkisendurskoðunar.

Stjórn fiskeldisstöðvar eða sá aðili sem heimild hefur til að binda fyrirtækið fjárhagslega skal gefa út yfirlýsingu til fjármálaráðuneytisins þar sem því sé lýst yfir að allar þær vörur sem söluskattur hefur verið eða verður gefinn eftir eða endurgreiddur af samkvæmt þessum reglum verði eingöngu notaðar til fiskeldis eða hafbeitar og verði þær teknar til annarra nota eða afhentar eða seldar öðrum aðila til nota við rekstur eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt reglum þessum sé eigandi þess skuldbundinn til að greiða ríkissjóði söluskatt af vörunum í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar áður en notkun sé breytt eða afhending eða sala fari fram. Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem kvöð á mannvirkjum á kostnað eiganda fiskeldisstöðvar.

8. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal tilgreina endurgreiddan söluskatt sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum

með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hans. Jafnframt skulu þeir halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörur sem eftirgjafar eða endurgreiðslu njóta samkvæmt reglunum aðgreindum í bókhaldi sínu sem skattyfirvöld og tollyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að telji embættin ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Komi í ljós við rannsókn á bókhaldi að þeir hafi misnotað ívilnanir sem hafa verið veittar samkvæmt reglum þessum eða rökstuddur grunur er um að um misnotkun hafi verið að ræða geta tollyfirvöld hafnað beiðnum um niðurfellingu eða endurgreiðslu söluskatts samkvæmt þeim meðan málið er í athugun.

9. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á söluskatti eða misnotkun ívilnunar samkvæmt ákvæðum reglna þessara getur m.a. varðað við 25. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 13. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 1/1988 um breyting á þeim, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 171/1986 um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skulu reglur nr. 171/1986 gilda eftir því sem við á um endurgreiðslu gjalda af fjárfestingarvörum vegna framkvæmda á árunum 1985 til og með 1987.

Fjármálaráðuneytið, 27. maí 1988.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUR

um farangurstryggingar starfsmanna á ferðalögum á vegum ríkisins.

Verði persónulegur farangur starfsmanns fyrir tjóni á ferðalagi á vegum ríkisins, skal skaðinn bættur af ríkinu í eftirfarandi tilvikum og með svofelldum reglum og takmörkunum:

1. Tryggingin tekur til allra starfsmanna ríkisins, er þeir ferðast á vegum ríkisins og ríkisstofnunar. Einnig eru tryggðir aðrir aðilar, sem ferðast á vegum og á kostnað þessara aðila.
2. Útgáfa ferðaheimildar til utanlandsferðar, sem forstöðumaður ráðuneytis eða stofnunar eða staðgengill hans hefur gefið út viðkomandi til handa, er staðfesting á, að farangur sé tryggður. Verði tjón í ferð innanlands, skal forstöðumaður viðkomandi stofnunar staðfesta skriflega, að ferð starfsmanns hafi verið á vegum stofnunarinnar.
3. Til farangurs teljast persónulegir lausafjármunir, sem tryggði hefur með sér í ferðalagið og taldir eru nauðsynlegir þess vegna, þó ekki peningar og ávísanir.